

REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á byggingarreglugerð, nr. 112/2012.

1. gr.

Orðin „og í því eru hvorki raflagnir né vatnslagnir“ í 77. tölul. 1.2.1. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

A-liður 3.8.2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Staðfestingu rafvirkjameistara um að raforkuvirki þess hluta mannvirkisins sem tekinn er í notkun sé tilbúið til úttektar.

3. gr.

A-liður 3.9.2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Staðfestingu rafvirkjameistara um að raforkuvirki mannvirkisins sé tilbúið til úttektar.

4. gr.

Á eftir 10. mgr. 6.7.1. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein svohljóðandi: Í nýbyggingum og við endurbyggingu skal gert ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hvert bílastæði.

5. gr.

Við 6.8.1. gr. reglugerðarinnar bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:
Við hönnun slíkra bygginga og við endurbyggingu skal í hönnunargögnum gerð grein fyrir fjölda bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg.
Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.

6. gr.

8.3.1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Sement, steinsteypa og steinsteypuvirki skulu uppfylla ákvæði laga um byggingarvörur, íslenskra þöhlönnunarstaðla, sbr. 8.2.1. gr. og staðlanna ÍST EN 197-1, ÍST EN 12620, ÍST EN 206 og ÍST EN 13670.

7. gr.

5. mgr. 14.7.1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Við hönnun raflagna í íbúðarhúsum skal stuðst við staðlana ÍST 150 og ÍST 151.

8. gr.

Í stað orðanna „reglugerð um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur“ í 2. mgr. 14.11.2. gr. reglugerðarinnar kemur: reglugerð um lyftur og öryggis hluti fyrir lyftur.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 20. júní 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.